

**Tilmæli 12/2015**

Fyrri númer:
A 1643

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00339-14

Geðheilsa barna og ungmenna á Norðurlöndum

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 29. október 2015 neðangreind tilmæli að tillögu velferðarnefndar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að miðla reynslu af fyrirbyggjandi aðgerðum sem hafa jákvæð áhrif á geðheilsu barna og ungmenna;

að þróa ný meðferðarúrræði sem byggja á reynslu af fyrirbyggjandi meðferðarúrræðum fyrir börn og ungmenni sem þjást af geðrænum kvillum;

að auka rannsóknir til að afla gagna sem liggja til grundvallar nýjum og fyrirbyggjandi meðferðarúrræðum fyrir geðræna kvilla sem hrjá börn og ungmenni;

að miðla reynslu og þekkingu um góðar leiðir til að draga úr notkun þvingunaraðferða í geðheilbrigðisþjónustu, með áherslu á börn og ungmenni;

að miðla reynslu af leiðum til að fyrirbyggja og draga úr tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna;

að skipuleggja meginþema eða undirþema þar sem geðheilsa barna og ungmenna er í brennidepli á hinum fyrirhuguðu árlegu norrænu leiðtogafundum um geðlækningar/sálfræði.

Kaupmannahöfn, 3. nóvember 2015

Höskuldur Þórhallsson

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

FYLGISKJAL

Nefndartillaga um geðheilsu barna og ungmenna á Norðurlöndum

Norðurlandaráð

Tilmæli 12/2015

Velferðarnefndin leggur til að

að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að miðla reynslu af fyrirbyggjandi aðgerðum sem hafa jákvæð áhrif á geðheilsu barna og ungmenna;

að þróa ný meðferðarúrræði sem byggja á reynslu af fyrirbyggjandi meðferðarúrræðum fyrir börn og ungmenni sem þjást af geðrænum kvillum;

að auka rannsóknir til að afla gagna sem liggja til grundvallar nýjum og fyrirbyggjandi meðferðarúrræðum fyrir geðræna kvilla sem hrjá börn og ungmenni;

að miðla reynslu og þekkingu um góðar leiðir til að draga úr notkun þvingunaraðferða í geðheilbrigðisþjónustu, með áherslu á börn og ungmenni;

að miðla reynslu af leiðum til að fyrirbyggja og draga úr tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna;

að skipuleggja meginþema eða undirþema þar sem geðheilsa barna og ungmenna er í brennidepli á hinum fyrirhuguðu árlegu norrænu leiðtogafundum um geðlækningar/sálfræði.

Fyrri númer:
A 1643

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00339-14

Aðdragandi

Með þessari tillögu vill velferðarnefnd leggja sitt af mörkum til þess að bregðast við geðrænum sjúkdómum með því að beina kastljósinu að geðheilsu barna og ungmenna á Norðurlöndum. Tillögum velferðarnefndar er ætlað að stuðla að kerfisbundnu og samfelldu starfi að málefnum geðheilbrigðis á Norðurlöndum í norrænu samstarfi. Velferðarnefnd leggur áherslu á að tillögurnar sem um ræðir miða að því að byggja upp samstarf viðeigandi fagaðila með það fyrir augum að auka norrænt samstarf um rannsóknir á geðrænum vandamálum, fyrirbyggjandi aðgerðir og meðferðarúrræði. Með samfelldu samstarfi á sviði geðheilbrigðismála er unnt að bæta árangur meðferðarúrræða og draga um leið úr kostnaði á þessu sviði í löndunum. Þannig má tryggja að meðferð byggji í auknum mæli á gagnreyndum úrræðum, ennfremur aukna þekkingu á geðrænum kvillum og meðferð þeirra og miðlun góðra starfshátta til að fyrirbyggja og meðhöndla geðræna kvilla. Velferðarnefnd leggur til að í starfinu verði sérstök áhersla lögð á geðheilsu barna og ungmenna, þar sem geðrænir kvillar verða æ tíðari í þeim hópi, en mestu skiptir að koma í veg fyrir ævilanga og ólæknandi kvilla sem geta leitt til þess að fólk festist í gilдру fátæktar og útskúfunar.

Skýrsla Bo Könbergs

Árið 2013 var hinum sænska Bo Könberg, fyrrum ráðherra, lénshöfðingja og þingmanni til margra ára, falið að skrifa óháða skýrslu um leiðir til þess að þróa og efla norrænt samstarf á heilbrigðissviði á næstu 5–10 árum. Öll Norðurlöndin finna fyrir auknu álagi á heilbrigðiskerfið, en markmiðið með skýrslunni var að greina leiðir til aukinnar skilvirkni og meiri gæða í meðferðarúrræðum gegnum norrænt samstarf. Könberg átti að greina helstu sóknarfæri varðandi færni og afkastagetu og hvar þörfin væri mest

á að efla þessa þætti. Í lokaskýrslunni, sem var lögð fram árið 2014, kynnti hann leiðir til að ná þessu fram með því að samræma aðgerðir og beita verkaskiptingu og sameiginlegum lausnum, til að mynda þar sem þörf er á samstarfi milli geira. Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál hefur ákveðið að fyrst um sinn verði unnið með fimm af tillögum Könbergs, en ein þeirra er

- að efla norrænt samstarf á sviði geðlækninga.

Könberg leggur til að árlega verði haldinn norrænn leiðtogafundur á sviði geðlækninga til að stuðla að aukinni þekkingaröflun og miðlun reynslu af góðum starfsháttum í norrænu samstarfi á sviði geðlækninga.

Í skýrslu Könbergs er bent á að geðrænir kvillar hafi oft miklar afleiðingar fyrir fólk, bæði einstaklingana sem glíma við þá og aðstandendur þeirra. Æ fleiri Norðurlandabúar greinast með geðræna kvilla, einkum börn og ungmenni og á það við um kvilla sem teljast ekki til alvarlegra geðraskana.

Velferðarnefnd veitir því athygli að hlutfall geðrænna kvilla af öllum sjúkdómum á Norðurlöndum fer vaxandi og að þetta kallar á mikið fé og mannauð í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Fjölgun geðrænna kvilla og vandamála sem tengjast andlegri heilsu hefur mikil samfélagsleg áhrif í löndunum, meðal annars vegna þess að geðræn vandamál geta leitt til meiri veikindafjarvista, langtímaatvinnuleysis og örorku. Velferðarnefnd telur mikilvægt að grípa tímanlega inn í aðstæður þeirra barna og ungmenna sem eiga erfitt, til að fyrirbyggja að vandinn grafi um sig og leiði til langvarandi eða ævilangra geðsjúkdóma.

Norðurlöndin átta sig á nauðsyn þess að telja andlega kvilla hliðstæða líkamlegum kvillum, en í norrænu samstarfi hefur farið minna fyrir starfi tengdu geðrænum sjúkdómum en líkamlegum.

Smám saman hafa meðferðartilboð og meðferðarúrræði þróast á geðheilbrigðissviði sem ganga að miklu leyti út á áherslu á forvarnir, aukna samfellu í meðferð og aukna aðkomu einstaklinganna sjálfra, viðleitni til að draga úr þvingunaraðferðum og stimplun og möguleika hvers sjúklings til bata að einhverju eða öllu leyti. Áherslan er nú í auknum mæli á mismunandi aðstæður einstaklinga með geðræna kvilla, vegna þess að þeir glíma einnig við líkamlega kvilla í meiri mæli en fólk almennt.

Könberg bendir jafnframt á að oft skorti upp á að nægileg eða nægilega góð gagnreynd þekking sé til staðar í geðlækningum. Auknar rannsóknir og þróun eru forsenda þess að hægt verði að auka gæði geðlækninga svo um muni. Þróa þarf og breiða út gagnreyndar aðferðir. Tillögur Könbergs ganga meðal annars út á:

- að meðferð skuli grundvalla á aðferðum sem byggja í auknum mæli á bestu þekkingu sem völ er á;
- að Norðurlöndin miðli reynslu sín á milli í auknum mæli;
- að auka miðlun reynslu um líkön fyrir bestu aðferðir þannig að reynsla sem fengist hefur í einu norrænu landi komi öðrum íbúum Norðurlanda til góða með auknu samstarfi um prófun nýrra aðferða;
- að auka norræna þekkingaröflun með því að efla rannsóknarsamstarf og aukið samstarf um gæðamat og þróun gæðamælikvarða;
- að efna árlega til leiðtogafundar forystufólks innan geðlækninga til að skiptast á reynslu og miðla þekkingu og niðurstöðum á sviði geðlækninga;
- að leggja áherslu á og eiga þátt í því að draga úr neikvæðum

Norðurlandaráð

Tilmæli 12/2015

Fyrri númer:
A 1643

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00339-14

viðhorfum gagnvart fólki með geðsjúkdóma.

Ennfremur bendir velferðarnefnd á að stefna Norrænu ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál frá árinu 2013 og framvegis hefur fimm forgangsvið, þar af eitt sem snýr að því að efla geðheilbrigði.

Aðgerðir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á sviði geðheilbrigðis
Árið 2014 lagði formennska Íslands áherslu á geðheilbrigði með því að efna til ráðstefnu og sérfræðingafundar. Á árinu 2015 hefur formennska Dana haldið starfinu áfram, meðal annars með því að benda á að fjöldi manns glími daglega við geðræna kvilla sem geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir viðkomandi og aðstandendur þeirra.

Formennska Dana í ráðherranefndinni vísar til þess að líkt og á við um líkamlega sjúkdóma sé unnt að ná bata af geðrænum kvillum að einhverju eða öllu leyti, einnig þegar um ræðir geðræn vandamál af alvarlegum toga.

Einnig hefur formennska Dana lagt áherslu á síðbúnar afleiðingar kynferðisofbeldis, sem einkennast oft af margvíslegum geðrænum og félagslegum vandamálum á fullorðinsárum, og bent á að vissar greiningar séu algengari en aðrar meðal fólks með slíka reynslu. Meðal algengustu síðbúna afleiðinga kynferðisofbeldis eru áfallastreituröskun, kvíði og þunglyndi. Aðrar síðbúnar afleiðingar geta verið léleg sjálfsmynd, þráhyggjukennndar hugsanir, vandamál tengd líkamsvitund og kynlífi, sjálfsskaði, sjálfsvígshugleiðingar, kynferðisleg hegðun, átraskanir og misnotkun vímuefna.

Bent er á að þekking á síðbúnum afleiðingum kynferðisofbeldis er af skornum skammti. Formennska Dana átti því frumkvæði að ráðstefnu sem fór fram á Grænlandi sumarið 2015, með það að markmiði að skipuleggja aðgerðir Norðurlandanna á þessu sviði. Ráðstefnunni var ennfremur ætlað að rjúfa bannhelgi, sem umvefur síðbúnar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis.

Velferðarnefnd styður það að fjallað verði um málefni geðheilbrigðis í norrænu samstarfi og vill stuðla að því að geðheilsa barna og ungmenna verði þar forgangsmál. Í því sambandi vill velferðarnefnd meðal annars að Norræna ráðherranefndin haldi áfram því starfi sem hafið er í tengslum við síðbúnar afleiðingar kynferðisofbeldis. Velferðarnefnd hefur unnið nefndartillöguna A 1645/ velferd: *Um fullorðna sem búa við síðbúnar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku*, en henni er ætlað að tryggja samfellu í starfinu.

Starf velferðarnefndar

Velferðarnefnd veitir því athygli að mörg ár eru liðin síðan samfelld áttak á sviði geðheilbrigðis stóð síðast yfir á vegum norræns samstarfs. Velferðarnefnd hefur áður kynnt ýmsar nefndartillögur þar sem áhersla er að einhverju eða öllu leyti á geðheilbrigðismál. Meðal þeirra eru:

- Nefndartillaga um félagslega fjárfestingu á Norðurlöndum (A 1591/velferd)
- Nefndartillaga um greiningu á athyglisbresti og lyfjagjöf barna og ungmenna á Norðurlöndum (1551/velferd)
- Nefndartillaga um norræna stefnu í áfengis- og tóbaksmálum (1566/velferd)
- Nefndartillaga um hvernig megi auka þátttöku á sjálfbærum vinnumarkaði á Norðurlöndum (1480/velferd)
- Nefndartillaga um viðbrögð við veikindum fullorðinna einstaklinga sem sættu misnotkun sem börn (1454/velferd)

Norðurlandaráð

Tilmæli 12/2015

Fyrri númer:
A 1643

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00339-14

- Nefndartillaga um hvernig megi sporna gegn gettómyndun (1543/velferd)
- Nefndartillaga um biðtíma barna og unglunga eftir
- geðheilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum (1400/velferd)

Norðurlandaráð

Margar þessar tillögur hafa sérstaka þýðingu fyrir geðheilsu barna og ungmenna, en hafa þó ekki verið teknar til meðferðar í Norrænu ráðherranefndinni svo neinu nemi.

Velferðarnefnd bíður þess með eftirvæntingu að Norræna ráðherranefndin, á grundvelli skýrslu Könbergs og samþykktu norrænu félagsmálaráðherranna, hefji viðamiklar aðgerðir á geðheilbrigðissviði á vegum norræns samstarfs. Velferðarnefndin telur það rétta forgangsröðun að leggja áherslu á geðheilsu barna og ungmenna, meðal annars með því að halda árlegan leiðtogafund til að skiptast á reynslu og góðum starfsháttum varðandi meðferðarúræði, rannsóknir á geðrænum kvillum, geðheilsu og meðferðarúræði, og vinna jafnframt að því að draga úr stimplun og neikvæðum viðhorfum sem fylgja geðsjúkdómum.

NORDBUK

Velferðarnefnd bendir á mikilvægi þess að stunda þverfaglegt og þvervísindalegt samstarf á Norðurlöndum. Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) hefur ekki nægilegt umboð til þess að geta haft raunveruleg áhrif í málefnum barna og ungmenna innan hinna ýmsu fagsviða Norrænu ráðherranefndarinnar og í norrænu samstarfi. Velferðarnefnd hefur bent á nauðsyn þess að skipa fagráðherra um málefni barna og ungmenna til að fylgja málaflökkinum eftir og koma honum ofar á pólitíska dagskrá Norðurlandanna.

Geðrænir kvillar á Norðurlöndum

Áætlað er að 30–50 prósent fólks finni fyrir geðrænum kvillum á lífsleiðinni og sumir kljást við þá ævilangt. Sænsk heilbrigðisyfirvöld (Socialstyrelsen) áætla að 40% útgjalda sjúkratrygginga séu vegna geðrænna kvilla. Samkvæmt því er fólk með geðræna kvilla stærsti hópurinn sem fær greitt úr sjúkratryggingum, en næst á eftir kemur fólk með stoðkerfissjúkdóma. Beinn kostnaður af geðrænum kvillum er talinn nema 4 prósentum af vergri landsframleiðslu í Svíþjóð.

Geðsjúkdómar geta verið misalvarlegir, en stig sjúkdómsins, að viðbættum öðrum vandamálum í lífi einstaklings, getur haft áhrif á það hvers konar úrræði eða stuðning viðkomandi hefur þörf fyrir. Tíðni geðsjúkdóma á Norðurlöndum virðist svipuð og víða annars staðar í Vestur-Evrópu, en ýmislegt bendir til þess að hún fari vaxandi meðal ungs fólks. Norræna velferðarkerfið byggir á viðleitni okkar til að fyrirbyggja óæskilegar aðstæður eins fljótt og unnt er og þróa nægilega breidd og gæði í framboði á þjónustu fyrir börn, ungmenni, fullorðna og aldraða sem þjáast af geðrænum kvillum. Mikilvægt er að tryggja öllum faglega og örugga gæðameðferð á jafnréttisgrundvelli.

Velferðarnefnd er kunnugt um að þannig er staðan ekki í dag og telur því rétt og skylt að stefna að víðtæku norrænu samstarfi á geðheilbrigðissviði með samfelldri miðlun reynslu og þekkingar, eftir formlegum og óformlegum leiðum og með skipulagningu aðgerða á sviðinu.

Samkvæmt skýrslu norskra heilbrigðisyfirvalda (Helsedirektoratet) í Noregi um geðheilbrigði og heilbrigðisþjónustu við fólk sem þjáist af geðrænum kvillum út frá alþjóðlegu sjónarhorni (2015) bendir ekkert til þess að tíðni þeirra hafi breyst verulega á síðastliðnum áratug, þrátt fyrir að ýmislegt bendi til aukinnar tíðni meðal ungmenna á Norðurlöndum. Sænsk heilbrigðisyfirvöld (Socialstyrelsen) benda hins vegar á að tíðni geðrænna kvilla hafi aukist jafnt og þétt á löngu tímabili, í Svíþjóð sem og alþjóðlega. Velferðarnefndin vill benda á að jákvæð þróun hefur orðið í afstöðu okkar til geðrænna kvilla, samfara opnari umræðu og auknum

Tilmæli 12/2015

Fyrri númer:
A 1643

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00339-14

stuðningi og meðferðarúræðum. Jafnframt ríkir þverpólítísk meðvitund um það að enn er langt í land, og um mikilvægi þess að geðheilbrigði fái aukið vægi í heilbrigðisstefnu, í löndunum, í norrænu samstarfi og alþjóðlega. Einnig þarf enn að vinna ötullega að því að draga úr stimplun og neikvæðum viðhorfum tengdum geðsjúkdómum.

Norðurlandaráð

Tilmæli 12/2015

Langflestir sem glíma við geðræna kvilla eru í námi eða vinnu, þó að sumir verði að hverfa frá almennum vinnumarkaði um tíma eða til langframa. Í dag er takmarkið að allir lífi eins góðu og virku lífi og kostur er og búi í eigin húsnæði. Til að svo megi verða þarf nærsamfélagið að veita hjálp og stuðning.

Fyrri númer:
A 1643

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00339-14

Alþjóðlegt samhengi

- Sameinuðu þjóðirnar

Rétturinn til að lifa sjálfstæðu lífi með aðgangi að samfélagsþjónustu er skýrt orðaður í 19. grein samnings SP um réttindi fólks með fötlun frá 2006. Þetta hefur mikilvægar afleiðingar fyrir skipulag geðheilbrigðisþjónustu. Samkvæmt greininni hafa allir einstaklingar með fötlun rétt á því að búa í nærsamfélaginu, velja sér búsetustað og hafa aðgang að samfélagsþjónustu og heimaþjónustu, auk annarrar þjónustu sem aðrir íbúar samfélagsins njóta. Sérhvert land skal einnig greiða fyrir samfélagsþátttöku án aðgreiningar fyrir fólk með fötlun. Þjónustuúrræði og byggingar sem almenningur hefur aðgang að skulu einnig vera aðgengileg fyrir fólk með fötlun.

- Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO)

Samfara því að samin var aðgerðaáætlun um geðheilbrigðismál, „Mental Health Action Plan for Europe 2005–2012“, undirrituðu heilbrigðismálaráðherrar 52 Evrópulanda Helsinkyfirlýsinguna „Mental Health for Europe“. Þar hétu heilbrigðismálaráðherrarinnir stuðningi sínum við mikilvæg málefni á sviði geðheilbrigðis. Meðal annars skuldbundu þeir sig til að móta virka stefnu og löggjöf á geðheilbrigðissviði og fylgja forgangsaðgerðum eftir. Í áætluninni er sérstök áhersla lögð á mannréttindi, aðgengi að þjónustu á vegum sveitarfélaga (bæði út frá efnahag og staðsetningu) og réttinn til að njóta virðingar og fá örugga, skilvirka þjónustu. Þessu starfi hefur verið haldið áfram í nýrri áætlun fyrir tímabilið 2013–2020 (WHO 2103). Í því samhengi er einkum bent á aðkomu neytenda, góða stjórnun og skipulag og heilsubætandi sjónarmið, auk þarfar fyrir betri upplýsingakerfi, gagnreynda þekkingu og rannsóknir.

- ESB

Árið 2005 birti framkvæmdastjórn ESB skjal undir yfirskriftinni *Green paper – Promoting the Mental Health of the population. Towards a mental health strategy for EU*. Markmiðið með starfinu var að ná fram kerfisbundnari eftirfylgni í málefnum geðheilbrigðis sem samfélagslegu viðfangsefni. Árið 2008 var þessu fylgt eftir með evrópskum sáttmála um geðheilbrigði og vellíðan á fimm forgangssviðum en þau eru: Forvarnir gegn sjálfsvígum, geðheilsa og menntun ungmenna, geðheilsa á vinnustað, geðheilsa aldraðra og leiðir til að fyrirbyggja stimplun og félagslega útskúfun. Niðurstöður starfsins eru kynntar í skjalinu *EU Compass for action on mental health and well-being*. Innleiðingarstarfið er í höndum hóps sérfræðinga sem starfa hjá heilbrigðisyfirvöldum landanna.

Með þessari nefndartillögu vill velferðarnefnd stuðla að því að geðheilsa barna og ungmenna njóti forgangs í norrænu samstarfi á velferðarsviði. Við verðum að vinna að því að fyrirbyggja geðræna kvilla með almennum aðgerðum, samfara sértækari aðgerðum sem beinast að áhættuhópum. Fyrir einstaklinga sem þjást af geðrænum kvillum skiptir miklu að fá snemmtæka íhlutun, að hjálpin sé af réttu umfangi og tilskildum gæðum og byggð á gagnreyndri þekkingu.

Umsagnir

Meginþema velferðarnefndar var sent í umsagnarferli til samtakanna „Bedre psykiatri“, en það eru landssamtök aðstandenda í Danmörku (sjá fylgiskjal), sem hafa lagt til eftirfarandi aðgerðir:

1. Samnorrænar aðgerðir á sviðum rannsókna og þróunar til að stuðla að snemmtækri íhlutun, þverfaglegu rannsóknasamstarfi og samstarfi milli fagsviða.
2. Með samnorrænni áherslu má efla útbreiðslu góðrar reynslu og lausna fyrir fjölskyldur barna með geðræna kvilla.
3. Áhersla á biðtíma eftir viðeigandi meðferð fyrir börn og ungmenni.
4. Áhersla á geðræna kvilla á grunnskólastigi.
5. Aðgerðir sem miða að því að börn sæti ekki þvingun í geðheilbrigðisþjónustu.
6. Áhersla á að meðhöndla kvíða barna og ungmenna til að fyrirbyggja þrálátan, viðvarandi kvíða á fullorðinsárum.
7. Áhersla á þá aukningu sem á sér stað í lyfjagjöf og skort á meðferðarúrræðum við geðrænum kvillum barna og ungmenna.
8. Áhersla á börn sem aðstandendur fullorðinna sem þjást af geðsjúkdómum.

Velferðarnefndin telur að svið geðheilbrigðis hafi verið vanrækt árum saman í norrænu samstarfi. Ráðherranefndin og skýrsla Könbergs eru nauðsynlegur grundvöllur þess að þetta tiltekna svið norræns samstarfs á velferðarsviði verði eftt með sögulegum hætti.

Meðferðarúrræði á sviðum geðlækninga og sálfræði þurfa að byggja á gagnreyndum rannsóknum, þróa þarf ný meðferðarúrræði og góð reynsla og góðir starfshættir munu veita norrænt notagildi í samstarfi þvert á landamæri Norðurlandanna.

Með þessari nefndartillögu vill velferðarnefnd stuðla að því að sérstök áhersla verði lögð á heilsu barna og ungmenna á Norðurlöndum frá öllum hliðum, og að komið verði á kerfisbundnu samstarfi á mörgum sviðum til að tryggja börnum og ungmennum fyrirbyggjandi aðgerðir, snemmtæka íhlutun og faglega gæðameðferð byggða á gagnreyndum rannsóknum með verkaskiptingu á sviði þróunar, rannsókna á og reynslu af geðheilbrigðismálum barna og ungmenna á Norðurlöndum.

Nuuk, 22. júní 2015

Bente Stein Mathisen (H)

Christian Beijar (ÅSD)

Helgi Abrahamsen (sb)

Jóhanna María Sigmundsdóttir (F)

Karin Gaardsted (S)

Lennart Axelsson (S)

Penilla Gunther (KD), formaður

Richard Jomshof (SD)

Sonja Mandt (A)

Norðurlandaráð

Tilmæli 12/2015

Fyrri númer:

A 1643

Fjallað um í:

Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00339-14